1861. 30. ágústm. og heilbrigðisskýrteini, svo sem fyrir er skipað í verzlunarlögunum frá 15. aprílm. 1854, þá skorar nú dómsmálastjórnin á yður herra (tit.), að þèr brýnið það fyrir sýslumönnum (í brèfinu til stiptamtmanns: bæjarfógetanum og sýslumönnum) þeim, sem þèr eruð yfir skipaðir, að þeir eigi vandlega að gæta lagaákvarðana þeirra, er nú voru nefndar.

---

30. ágústm. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavíkur bæ.**

Nokkrir af íbúum Reykjavíkurbæjar hafa í bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 13. júním. þ. á., sótt um, að bæ þessum sè leyft að taka 4000 ríkisdala lán, er í 28 ár í röð verði goldnir af 6 af hundraði í leigu og borgun höfuðstólsins, til þess ráðin verði bót á bjargræðisskorti þeim, sem nú sè meðal fátæklinga þar í bænum, á þann hátt, að þeim gefist kostur á að fá atvinnu við verk, er framkvæmd skuli fyrir kaupstaðinn þetta árið.

Um leið og þèr senduð hingað bænarskrá þessa, sem bæjarfulltrúarnir hafa mælt fram með, að veitt verði áheyrsla, þó svo, að lánið eigi nemi meiru en 2700 ríkisdölum, hafið þèr, herra stiptamtmaður, meðal annars getið þess, að það, að yðar áliti, sè mjög vafasamt, hvort og að hve miklu leyti lán það, er menn æskja, geti orðið að þeim notum, sem til er ætlazt, og að það að minnsta kosti sè mjög ísjárvert að þyngja á svo fátæku bæjarfèlagi, sem Reykjavík er, með svo mikilli skuld, einkum þareð óumflýjanlegt verði fyrir bæinn að taka töluvert lán vegna barnaskólans, sem nú á að stofna þar. Auk þessa hafið þèr bent á, að kjör manna í bænum sèu enn ekki orðin svo bág, eður svo mikil hætta á ferðum, sem ráða megi af bænarskránni; en með því það á hinn bóginn sè rètt hermt, að sá hluti bæjarbúa, sem að mestu eigi bjargræði sitt undir sjávaraflanum, nú sem stendur eigi að nokkru leyti við bág kjör að búa, og að þess vegna megi fyrir sjá, að fátækrasjóðurinn

muni þurfa viðbót við tekjur sínar, þá hafið þèr lagt það til, 1861.
að bænum verði veitt heimild til að taka 1000 ríkisdala lán, 30. ágústm.
til þess að því fè verði varið ásamt því, sem þegar er búið að jafna á bæjarbúa, til þeirra gjalda, er nauðsynleg eru í þarfir fátækra þetta árið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin verður að vera á sama máli og þèr, herra stiptamtmaður, um það, að ekki sè ástæða til að samþykkja, að bærinn taki lán það, sem um er rætt í bænarskránni, og að stjórnarráðið eigi heldur getur hlutast til um að útvega fátækrasjóðnum lán, fyrri en ef svo kann að breytast ástandið, að brýna nauðsyn beri til þess.

---

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir eptirrit af dómsgjörðum. 31. ágústm.

Í brèfi 31. maím. þ. á. hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi skýrt frá, að hann, samkvæmt heimild, er hann hafði til þess fengið hjá dómsmálastjórninni, hafi beðið um að fá frá landsyfirrèttinum dómsgjörðirnar í máli því, er dæmt var í yfirdóminum 16. janúarm. f. á. milli eiganda jarðarinnar Víðivalla og Skriðu-klausturs umboðs, út af Ranaskógi, sem svo er nefndur, en hafi eigi síðar fengið dómsgjörðir þessar, meðfram fyrir þá sök, að Benidikt yfirdómari Sveinsson, sem er skrifari í yfirdóminum, hafi neitað að láta af hendi eptirrit yfirdóms-gjörðanna nema fyrir borgun, og hefir því amtmaðurinn beðið um, að dómsmálastjórnin tilkynni embættismanni þessum það, sem nauðsyn er á í þessu efni.

Með því nú Benidikt yfirdómari Sveinsson ekki á heimting á borgun fyrir eptirrit dómsgjörða í þeim málum, er snerta rèttindi kóngsjarða, eptir því, sem ákveðið er í aukatekjureglugjörð 10. septemberm. 1830, 13. grein, smbr. rentu-